

nefnilega, að trú ætti ávalt að stjórna af skynseminni þannig, að allar trúarbragðalegar kenningar mættu gagnrýnast; þessari sömu grundvallarreglu fylgdu þeir einnig er til biblíunnar kom, það samt sem áður varð ekki til þess að þeir höfnuðu biblíunni; þvert á móti gerðu þeir hana að trúar—og siðferðislegum mælikvarða, sem þeir álitu óskeikulan í öllum aðalatriðum. Það sem þeir sérstaklega voru mótfallnir í Kalvínstrúnni var forlaga kenningin og hið ósveigjanlega kyrkjuvald. Margir þeirra hölluðust meira eða minna að skoðunum Sósinusar, sem voru orðnar þá vel þektar á Hollandi í gegnum þá frjálsstrúarmenn, sem höfði leitað þangað undan ofsóknum frá Póllandi; en þrátt fyrir það urðu þeir samt aldrei eins frjálslýndir yfirleitt og Sósinus og hans fylgjendur höfðu verið á meðan þeir voru óhultir með skoðanir sínar.

Skoðanir Arminíusar og fylgjenda hans bárust til Englands og hjálpuðu til að mynda þar frjálslýnda stefnu í trúmálum, sem síðar leiddi af sér stofnun únítarískrar kyrkju. En þar gætti einnig fleiri og eldri áhrifa, sem taka verður til greina þegar um uppruna únítarakyrkjunnar á Englandi er að ræða.

Siðbótin á Englandi átti sér stað með öðrum hætti en í öðrum löndum þar sem hún komst á. Hún blandaðist þar saman við stjórn málin og konungsvaldið og átti að mjög litlu leyti rætur sínar að rekja til verulegra skoðanabreytinga í trúmálum. Af þessu leiddi, að á Englandi var sett á stofn ríkiskyrkja, sem hvað skoðanir snerti var næsta lík kaþólsku kyrkjuni, og höfuð hennar var konungurinn í stað páfans.

En þessar kringumstæður gátu samt ekki komið í veg fyrir að einstaklingar aðhylltust frjálssari skoðanir en þær sem ríkiskyrkjan hélt fram. Allar skoðanabreytingar, sem áttu sér stað á meginlandi Norðurálfunnar bárust fljótt þangað. Endurskírarnir, sem áður hefir verið minst á fluttu kenningar sínar til Englands og fengu fljótt áhangendur. Sömuleiðis voru margir sem hölluðust að skoðunum Aríusar—flokksins á fjórðu öldinni hvað kristshugmyndina snerti. Öll þessi vantrú var ofsótt af ríkiskyrkjuni; margir voru hneptir í fangelsi um lengri eða skemmri tíma, og nokkrir voru teknir af lífi. Ofsóknir þessar